

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpförgun í Mýrdalshreppi.

1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpförgun) í Mýrdalshreppi, sbr. samþykkt nr. 985/2001 um sorphirðu í Mýrdalshreppi, skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum.

<i>Sorpgjöld</i>	<i>Sorphreinsun og förgun</i>	<i>Gámavöllur og endurvinnsla</i>	<i>Samtals</i>
<i>Íbúðir</i>	Kr.	Kr.	Kr.
Íbúðarhús	19.340	20.110	39.450
Sumarhús	9.665	10.055	19.720
<i>Fyrirtæki</i>			
Flokkur 0		22.840	22.840
Flokkur 1	25.125	25.125	50.250
Flokkur 2	82.330	50.235	132.565
Flokkur 3	164.670	66.415	231.085
Flokkur 4	247.000	69.115	316.115
Flokkur 5	329.325	75.360	404.685

Sorpgjald er lagt á hverja íbúð og hvert sumarhús í sveitarfélaginu. Hver íbúð á rétt á tveimur sorptunnum annarri fyrir óflokkað sorp en hinni fyrir endurvinnsluefni. Gámar fyrir bæði flokkað og óflokkað sorp eru staðsettir í námunda við sumarhúsabyggðir. Sveitarfélagið sér um sorphirðu frá íbúðum sumarhúsum og fyrirtækjum skv. ákveðnu skipulagi. Sorpgjald er lagt á húsnaði fyrirtækja, geymslu- og verkstæðishúsnaði og er gjald fyrir sorphirðu og hreinsun innheimt eftir magni og er þá tekið mið af sorpmagni undangengins árs, þannig að flokkað er í 5 mismunandi flokka eftir sorpmagni.

Kostnaði vegna gámavallar og endurvinnslu er jafnað á íbúðir, þó þannig að sumarhús greiða aðeins 50% af gjaldinu. Sumarhús eru hús sem standa á skipulögðum svæðum fyrir frístundabyggð. Gjald sem lagt er á fyrirtæki vegna þjónustu gámavallar og endurvinnslu fer hækkandi eftir magni úrgangs frá fyrirtækjunum. Lægsta fyrirtækjagjald vegna gámavallar og endurvinnslu er innheimt af bújörðum með búrekstur.

Hreinsunar- og urðunargjöldum er jafnað á íbúðarhús og sumarhús, en fyrirtæki greiða hreinsunar- og urðunargjald eftir fjölda sorpílata og umfangi sorps.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Mýrdalshrepps er hér með staðfest samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Mýrdalshrepps 21. september 2017, og af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 15. desember 2017. Jafnframt fellur brott gjaldskrá nr. 1279/2016.

Vik í Mýrdal, 31. janúar 2018.

Ásgeir Magnússon sveitarstjóri.